

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. **71**

16. marz

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

72

17. marz

um breyting á reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, sbr. lög nr. 75 27. júní 1941.

Aftan við 37. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nefndinni er heimilt að fella niður, eða draga af uppeldisstyrk til fjáreigenda, sem byggja afkomu sína að mestu eða nokkru leyti á öðru en sauðfjárrækt. Einnig má nefndin fella niður, eða draga af uppeldisstyrk, eftir því, hve miklar skattskyldar tekjur fjáreigendur hafa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

73

17. marz

um holræsi og holræsagjald fyrir Blönduóshrepp.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefur lálið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet hreppsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.